



NORÐURORKA hf

Alþingi

Erindi nr. P 135/1914

komudagur 28. 3. 2008

**Athugasemdir Norðurorku hf. við frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, þingskjal 688 - 432. mál.**

***Almennar athugasemdir:***

Nauðsynlegt er að lög og reglugerðir varðandi raforkumál séu gagnsæ og íþyngi ekki rekstri raforkufyrirtækja. Óþarft er að setja önnur lög um þann hluta raforkuiðnaðarins sem er á samkeppnismarkaði en gildir um aðra starfsemi sem á í samkeppni. Núverandi raforkulög eru mjög heftandi fyrir þann hluta raforkuiðnaðarins sem er í svokölluðu “náttúrulegu einokunarumhverfi” þ.e.a.s. raforkudreifingu. Segja má að um sé að ræða beina eignaupptöku sem er fólgin í allt of þröngum arðsemismörkum, þessi mörk verður að rýmka eigi sá hluti rekstrarins að geta gengið. Ríka áherslu ber að leggja á að slíkt endurtaki sig ekki varðandi aðrar veitur sveitarfélaga.

Þar sem löggjafinn virðist telja nauðsynlegt aðskilja samkeppnisrekstur á raforkusviði frá svokallaðri “náttúrulegri einokun”, sem er vafasamt hugtak, er réttast að gera það án undantekninga.

Um hitaveitur er fjallað í orkulögum og er það skoðun Norðurorku að þau lög séu fullnægjandi rammi um hitaveitur og rekstur þeirra. Er því sú breyting sem lögð er til samkvæmt 11. grein frumvarpsins óþörf.

Í frumvarpinu er sérstaklega fjallað um framleiðslu, sölu og dreifingu raforku og síðan hitaveitur. Á hinn bóginn eru flest orku- og veitufyrirtækin rekin sem hlutafélög i einhverju formi og flest hafa þessi félög með höndum raforkudreifingu, hitaveiturekstur og vatnsveiturekstur. Sum þeirra hafa einnig með höndum raforkuframleiðslu og sölu auk fráveiturekstrar.

Í frumvarpinu er fjallað um undanþágur hjá handhafa virkjunarleyfis (2. gr.), dreifiveitu (5. gr.), handhafa raforkuorkuviðskiptaleyfis (6. gr.) og hitaveitu (11. gr.) og gert ráð fyrir að hver þeirra geti verið undanþegin aðskilnaðarkröfu séu rekstrartekjur þeirra undir 2 milljörðum króna. Eiga að gilda sömu viðmið um fyrirtæki með fjölþætta starfsemi og önnur með t.d. aðeins tvíþætta starfsemi? Hér er ekki ljóst hvort leggja má saman rekstrartekjur allra þátta þar sem svo háttar til.

**Athugasemdir við eftirtaldar greinar frumvarpsins:**

1. gr.

Nái framsalsbann samkvæmt greininni fram að ganga telur Norðurorka hf. að mörk þau sem sett eru við 7 MW séu of lág. Mörk tímabundinna réttinda þurfa að vera mun rýmri en þau 65 ár sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

2. gr.

Fellt verði niður, “...með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða kr., ...”. Greinin verði þannig: *Handhafa virkjunarleyfis er óheimilt að stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði.*

6. gr.

Sjá athugasemd við 2. gr., að breyttu breytanda.

8. gr.

Mörk tímabundinna réttinda þurfa að vera mun rýmri en þau 65 ár sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

11. gr.

Greinin í heild verði feld út. Norðurorka hf. leggst gegn því að möguleikar hitaveitna séu skertir á þann hátt sem greinin gerir ráð fyrir. Ekki er ástæða til að breyta ákvæðum Orkulaga um hitaveitur.

13. gr.

Norðurorka hf. telur að mörkin sem sett eru við 7 MW séu of lág. Mörk tímabundinna réttinda þurfa að vera mun rýmri en þau 65 ár sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst

Akureyri 27. mars 2008.

Hf. Norðurorku hf.

  
Franz Arnason forstjóri